

Niðurstöður aðalfundar Solid Clouds hf 2025

Aðalfundur Solid Clouds hf var haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 16.00 í starfsstöð félagsins á Eiðistorgi 17.

Eggert Árni Gíslason, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar. Í máli sínu vísaði hann til fyrirhugaðrar fjármögnunar á árinu til að styðja við vöxt félagsins. Stefán Gunnarsson, forstjóri, og Stefán Þór Björnsson, fjármálastjóri, fóru yfir starfsemi og afkomu félagsins árið 2024. Ársreikningurinn var samþykktur.

Það voru sex frambjóðendur sem buðu sig fram til aðalstjórnar og eftirfarandi fimm voru kjörnir:

Andrea Olsen
Bergþóra Halldórsdóttir
Davið Gunnarsson
Eggert Árni Gíslason
Skúli Skúlason

Varastjórn félagsins var sjálfkjörin og skipa hana eftirandi:

Björn Ingi Pálsson
Ólafur Andri Ragnarsson
Ingólfur Vignir Ævarsson

Stjórnin hefur skipt með sér verkum. Eggert Árni Gíslason verður stjórnarformaður og Davíð Gunnarsson varaformaður.

Tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna og varamanna var samþykkt. Einnig var samþykkt starfskjarastefna Solid Clouds hf óbreytt frá síðasta aðalfundi.

Samþykktar voru breytingar á tveimur ákvæðum samþykktar félagsins. Samþykkt var að hækka heimild stjórnar til að hækka hlutafé til að efna skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum og þá var samþykkt breyting á ákvæði er mælir fyrir um hvað skuli samþykkja á aðalfundi félagsins.

Hlynur Sigurðsson frá KPMG ehf., var kjörinn endurskoðandi félagsins fyrir næsta rekstrarár í stað Deloitte ehf.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson
stefanbjo@solidclouds.com

Viðhengi

[Niðurstöður aðalfundar Solid Clouds hf 2025](#)

[Aðalfundargerð Solid Clouds 2025](#)

[AGM 2025 Presentation](#)